



SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

Ársskýrsla 2022

Inngangur

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan sjúkrahúsa. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi sem jafnframt gegnir stöðu skólastjóra auk verkefnisstjóra í 20 % stöðu. Auk hans koma að námskeiðum leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðatæknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar. Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og ber framkvæmdastjórn SAK ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagráð Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAK, Heilbrigðisráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Á árinu 2022 voru haldin 67 námskeið (voru 54 árið 2021) og var heildarfjöldi þátttakenda 567 (voru 560 árið 2021). Fjölgun var í Grunnnámskeiðum vegna haustnámskeiða og nokkur fjölgun í endurmenntunarnámskeiðum meðan framhaldsnámskeið og Vettvangshjálparnámskeið stóðu nánast í stað.



Útskrift Sjúkraflutningaskólans 3. Júní 2022

Fyrirkomulag menntunar sjúkraflutningamanna.

Nám sjúkraflutningamanna á Íslandi er annars vegar grunnnám (EMT) sem er 260 tíma nám og framhaldsnám (EMT-Advanced) sem er 413 tíma nám. Nemendur fá starfsleyfi að loknu grunnnámi og geta þá hafið störf sem sjúkraflutningamenn. Bæði grunnhluti og framhaldshluti námsins, byggjast á viðmiðum úr kennsluskrá sjúkraflutningamanna í Bandaríkjum NA, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA). Auk náms í sjúkraflutningum sinnir skólinn námi í Vettvangshjálpi (First Responder) byggt á sama staðli og EMT námið og má hér nefna samstarf Sjúkraflutningaskólans við Háskólann á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar varðandi menntun lögreglunema í vettvangshjálpi en allir lögreglunemar taka 44 tíma nám í vettvangshjálpi og útskrifast sem vettvangsliðar

Útskrift Sjúkraflutningaskólans.

Stór útskriftarhátíð var haldin í hátíðarsal Háskólans á Akureyri 3. Júní 2022 eftir þriggja ára Covid hlé. Vel var mætt og gott að sjá nemendur aftur.



GRUNN- OG FRAMHALDSMENNTUN

Grunnnám í sjúkraflutningum er 260 tíma nám sem tekur nú um 5-7 vikur og lýkur með bóklegu og verklegu prófi. Eftir það er hægt að sækja um...

[MEIRA](#)

ENDURMENNTUN

Megin markmiðið er að nemendur viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi...

[MEIRA](#)

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Sjúkraflutningaskólinn býður upp á fjölda námskeiða fyrir starfsfólk í bráðabjónustu. Vettvangshjálpi (First Responder) er 40 tíma námskeið fyrir...

[MEIRA](#)

Forsíða heimasíðu skólans www.ems.is

Starfsfólk og nefndir skólans

Skólastjóri:

Ingimar Eydal

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri ber ábyrgð á rekstri Sjúkraflutningaskólans. Sjúkraflutningaskólinn heyrir undir framkvæmdastjóra bráða- og þróunarsviðs en framkvæmdastjóri þess er Hulda Sigríður Ringsted.

Verkefnisstjóri: Valur Halldórsson starfaði sem verkefnisstjóri nýs framhaldsnáms í sjúkraflutningum (EMT-Advanced) sem verktaki í hlutastarfi en var ráðinn í fullt starf í lok árs og hefur störf í febrúar 2023.

Umsjónarmaður búnaðar: Jón G. Knutsen starfaði í hlutastarfi sem umsjónarmaður búnaðar skólans auk fleiri starfa við yfirlstur og umsagnir starfsþjálfunarskýrsla, ýmiskonar aðstoð við framkvæmd námskeiða og annara verka.

Fagráð Sjúkraflutningaskólans:

Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga SAk, formaður ráðsins
Anton Berg Carrasco Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Viðar Magnússon yfirlæknir bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa, Landspítala
Brynjar Friðriksson deildarstjóri sjúkraflutninga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun, Háskólinn á Akureyri
Kristján Sigfússon fagráði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Hjörtur Kristjánsson umsjónarlæknir Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Inntökunefnd

Skólastjóri og verkefnisstjóri ásamt fulltrúa úr Fagráði skipa inntökunefnd skólans.

Fagráð sjúkraflutninga.

Fagráðið er skipað samkvæmt reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 til fjögurra ára í senn. Hlutverk þess er að vera heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni er varða sjúkraflutninga á, við og yfir Íslandi og skylda starfsemi. Skólastjóri situr í ráðinu fyrir hönd Sjúkraflutningaskólans sem menntastofnunar sjúkraflutninga. Helstu verkefni ráðsins á árinu sneri að endurnýjun sjúkrabíla, rýni á skýrslum um stefnumótun auk fleiri verkefna.

Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlandi eystra.

Skólastjóri situr í Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlands eystra (AST) fyrir hönd SAk.


Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY)

Skólastjóri situr í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) fyrir hönd fyrirtækja og stofnana ríkisins.


Námskeið

Haldin voru 60 námskeið á árinu 2022 og voru þátttakendur samtals 557. Á árinu 2022 voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 1 og 2) (fjöldi 2021 í sviga).

Myndrit 1 Tegundir og fjöldi námskeiða



Myndrit 2 Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans



Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT) er 260 klst námskeið sem veitir þeim sem því ljúka starfsréttindi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn. Á árinu 2022 voru haldin **11 (8)** grunnnámskeið EMT bæði í streymisnámi og staðarnámi með samtals **112** nemendum. Eitt staðarnámskeið var haldið í Reykjavík, með 16 nemendum fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðissins. Streymisnámskeið voru tíu, þar sem bókleg kennsla fór fram í gegnum Moodle fjarkennslukerfið en verklegar lotur voru á Akureyri (tveir hópar 20 nemendur), Reyðarfirði (tveir hópar 14 nemendur), Sandgerði (3 hópar 32 nemendur) Akranes (sérnámskeið fyrir HVE 10 nemendur) og tvö í Reykjavík, (20 nemendur). Nú var boðið bæði upp á námskeið á vorönn og haustönn. Notuð er bókin Emergency Care, 13. útgáfa frá útgáfufyrirtækiu Pearson sem og önnur kennslugögn s.s. glærur og prófaspurningar.

Framhaldsnám sjúkraflutninga (EMT-Advanced) Framhaldsnámið er 413 klst nám sem veitir sjúkraflutningamönnum aukna færni og aukin réttindi. Náminu er skipt niður í fjórar lotur, auk lokafærnimats, þannig að nemendur geta ráðið hraðanum á náminu, þó er miðað við að námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Allar lotur voru kenndar á árinu, samtals voru **19** námskeið í lotunáminu með **145** nemendum samtals, þar með talin sjö lokafærnimat þar sem nemendur fara í gegnum mat á öllum þáttum framhaldsnámsins sem þeir þurfa að standast til að geta útskrifast. Í **lotu 1** voru kennd fimm námskeið, tvö á Akureyri, eitt í Reykjavík, Sandgerði og Fáskrúðsfirði með samtals 44 nemendum. Í **lotu 2** voru þrjú námskeið með 37 nemendum, í Reykjavík, Sandgerði og Akureyri. Í **lotu 3** voru tvö námskeið, í Reykjavík og Akureyri með samtals 18 nemendum. Í **lotu 4** voru tvö námskeið, Reykjavík og Sandgerði með samtals 21 nemendum. Lokafærnimat var svo haldið sjö sinnum, fimm sinnum í Reykjavík, og einu sinni í Sandgerði og Akureyri fyrir samtals 29 nemendur.

Vettvangshjálparnámskeið (First Responder) Um er að ræða **42 klst.** námskeið sem er ætlað viðbragðsaðilum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkvilið, björgunarsveitir eða aðrir skipulagðir viðbragðsaðilar. Samtals voru haldin **10** námskeið í Vettvangshjálparnámskeið með samtals **98** þátttakendum. Átta námskeið voru haldin fyrir lögreglunema við Háskólann á Akureyri með 76 þátttakendum og tvö námskeið fyrir vettvangsliða hjá Securitas í Reykjavík og Akureyri með 22 þátttakendum.

Endurmenntunar- og sérsnámskeið fyrir sjúkraflutningamenn, vettvangsliða og aðra viðbragðsaðila voru **20** með samtals **201** þátttakanda. Þar af voru 2 ALS (Sérhæfð endurlífgun 2) endurmenntunarnámskeið (2 tímar) á Egilsstöðum með samtals 13, auk þess sem tvö ný ALS námskeið (20 tímar) voru haldin á Egilsstöðum og Akureyri með samtals 18 þátttakendum. ILS (Sérhæfð endurlífgun 1) endurmenntun 2 tímar voru haldin sjö sinnum, eitt á Egilsstöðum og sex á Akranesi með samtals 67 þátttakendum. Ný ILS námskeið (8 tímar) voru haldin 7 sinnum á Akranesi, Ísafirði, Reykjavík og Akureyri með samtals 85 þátttakendum. EPILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun barna 1) voru tvö með samtals 18 þátttakendum í Reykjavík og á Akureyri.

Lokaorð

Eftir tvö erfið Covid ár skólastarfið í réttar skorður. Vegna mikillar eftirspurnar var bætti við þremur grunnnámshópum að hausti til að létta á vorönn og var mikil eftirspurn eftir sætum á þessum námskeiðum.

Í kjölfar tillagna nefndar um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2030 vann Heilbrigðisráðuneytið aðgerðaráætlun. Í henni felast mörg tækifæri og spennandi að sjá hvernig unnið verður úr þeim. Meðal annars er vikið að því hvort skólinn eigi heima í almenna skólakerfinu eins og menntun annarra heilbrigðisstarfsmanna. Á árinu var unnið að hæfnigreiningu og starfaprófíl sjúkraflutningamanna en skólinn hafði ekki aðkomu að þeirri vinnu. Vonandi kemst hreyfing á þessi mál á árinu 2023 þannig að ekki skapist óvissa um framtíð skólastarfsins. Eftir mikla vinnu fékkst fjárveiting fyrir verkefnisstjóra í fullt starf fyrir árið 2023 og var Valur Freyr Halldórsson bráðataknir og hjúkrunarfræðingur ráðinn í fullt starf frá og með 1. Feb 2023. Hans verkefni verða margvísleg en þú mikilvægast að halda sérstaklega utan um námsefni og námsefnisgerð auk þess að vera staðgengill skólastjóra.

Búnaðarmál hafa verið í talsverðri endurnýjun á árinu, þó einkum að koma upp nýjum hermibúnaði í stað hjartastuðtækja en skólinn fékk aukafjárveitingu til að kaupa fleiri I-simulator tæki sem eru hermitæki fyrir stuðtæki og á nú orðið fimm slík. Í kjölfarið er brýn þörf á að endurnýja dúkkur skólans og vonandi verður hægt að gera átak í þeim efnum árið 2023. Á árinu lauk samstarfi Verkmenntaskólans og Sjúkraflutningaskólans um Moodle kennslukerfi og kom skólinn sér upp sínu eigin kerfi. Seint á árinu 2022 óskaði Heilbrigðisráðuneytið svo eftir liðsinni skólans við að taka saman upplýsingar um stöðu vettvangsliða á Íslandi og kortleggja hvar þessir hópar væru starfandi. Þeirri vinnu lýkur 2023.

Sjúkraflutningaskólinn átti farsælt samstarf við marga aðila á árinu. Þakkir eru færðar rekstraradilum sjúkraflutninga fyrir gott samstarf, en sérstaklega viljum við þakka Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Brunavörnum Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Slökkviliði Akureyrar, Slökkviliðinu í Fjarðarbyggð, Landsspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Neyðarlínunni fyrir veitta aðstoð við starfsþjálfun og aðra aðstoð við framkvæmd námskeiða. Enn fremur fær Verkmenntaskólinn á Akureyri og Adam Óskarsson miklar þakkir fyrir aðgang að Moodle kennslukerfi VMA og aðstoð við yfirfærslu yfir á nýtt Moodle kerfi. Endurlífgunarráð Íslands og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir kennslu- og þjálfunarstjóri á SAK fá þakkir fyrir gott samstarf. Umsjónarmenn, verkefnisstjórar og leiðbeinendur námskeiða eru burðarásar í náminu og fá þeir sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

Skólastjóri vill þakka öllum samstarfsaðilum gott og farsælt samstarf á árinu 2022.

Ingimar Eydal
Skólastjóri